

Alþingi
Erindi nr. P 130/1404
komudagur 17.3.2004



KENNARAHÁSKÓLI
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2004

**Umsögn Kennaraháskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar
um háskóla á Vestfjörðum.
Pskj. 363 – 317. mál.**

Kennaraháskóla Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um háskóla á Vestfjörðum þar sem lagt er til að menntamálaráðherra beiti sér fyrir stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum sem ætlað er að starfa samkvæmt lögum um háskóla.

Í tilefni af þingsályktunartillögu þessari vill Kennaraháskóli Íslands vekja athygli á þeirri staðreynd að hugtakið *háskóli* felur í sér annað og meira en það eitt að kennari kenni ákveðið fag eða fræðigrein. *Háskóli*, þ.e. háskólanám og –kennsla gerir ekki síður kröfu um akademískt umhverfi, rannsóknir og nýsköpun þekkingar en venjulega, hefðbundna kennslu. Hæpið er að háskóli á Vestfjörðum, í þessum skilningi hugtaksins *háskóli*, ætti þess kost að halda úti fræðasamfélagi og vísindastarfi sem háskólastofnun er lífsnauðsynleg og háskólakennsla byggist á. Það gæti þannig orðið til þess að takmarka í stað þess að auka tækifæri til háskólanáms í landshlutanum.

Kennaraháskóli Íslands vill taka fram að árum saman hefur skólinn boðið – m.a. Vestfirðingum – fjarnám af ýmsum toga og fjöldi Vestfirðinga hefur lokið háskólagráðu eftir nám við Kennaraháskólann.

Kennaraháskóli Íslands telur miklu betri kost að stofna á Ísafirði til háskólanámsseturs sem væri sjálfstæð stofnun og hefði það hlutverk að tengja saman og nýta krafta þeirra háskóla sem þegar eru fyrir á landinu. Slíku háskólanámssetri er Kennaraháskóli Íslands tilbúinn að leggja lið. Háskólanámssetur af þessu tagi gæti opnað fjölbreytta námsmöguleika fyrir Vestfirðinga í samvinnu við starfandi háskóla um kennslu og rannsóknir og gæti þannig stuðlað að vísindastarfi og auknið möguleika á framhaldsmenntun fyrir þá sem búsettir eru á Vestfjörðum. Í þessu efni vísar Kennaraháskólinn til þeirrar leiðar sem valin hefur verið á Austfjörðum en þar hefur verið byggt upp háskólanámssetur sem ætlunin er að í framtíðinni bjóði háskólanám í samvinnu við háskóla sem þegar eru starfandi og veiti einnig rannsóknarstarfsemi sem fram fer á svæðinu fræðilega umgjörð.

Með kveðju,

Ólafur Proppé rektor

Stakkahlíð
105 Reykjavík
Sími: 563 3800
Símbref: 563 3833
www.khi.is